

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2015-2016

Valdís Björk Þorsteinsdóttir
Brynhildur Frímannsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Þórhildur Björnsdóttir

Nóvember 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2015-16	2
Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2015-16	3
Áfangakannanir	3
Miðannarmat.....	9
Námsmat	12
Hlýtt á nemendur	14
Könnun fyrir foreldra og forráðamenn ólögráða nemendur.....	16
Umbótatillögur	17
Viðauki A – Hlýtt á nemendur vor 2016	I
Atriði sem kynna þarf nemendum:	I
Til nemenda.....	II
Viðauki B – Könnun fyrir foreldra/forráðamenn ólögráða nemenda vor 2016	IV
Tafla 1. Svör við einstaka spurningum í áfangamati.....	4
Tafla 2. Mat á álagi í áföngum eftir bekkjum	6
Tafla 3. Niðurstöður úr einstaka spurningum um menningar- og náttúrulæsi.	8
Tafla 4. Niðurstöður úr einstökum spurningum um kennara í menningar- og náttúrulæsi.....	9
Tafla 5. Hlutfall nemenda sem standast próf eftir grein og miðannarmati.	11
Tafla 6. Námsmatsþættir í áföngum haustönn 2015	12
Mynd 1. Hlutfall sem stenst áfangann, eftir miðannarmatseinkunn	10
Mynd 2. Kassarit fyrir dreifingu einkunna eftir miðannarmatseinkunn.....	11
Mynd 3. Vægi lokaprófs í áföngum haustannar 2001, 2014 og 2015	13
Mynd 4. Meðalvægi lokaprófs í áföngum haustannar 2001, 2014 og 2015	13

Inngangur

Sjálfsmati hefur verið sinnt kerfisbundið við MA síðan 1997. Sjálfsmatsnefnd hefur yfirumsjón með þeim hluta sjálfsmats skólans sem telst formlegt og skipulagt en að auki má nefna að kennarar og annað starfsfólk hefur haft frumkvæði að ýmsu sjálfsmati einfaldlega vegna þess að það hefur haft til að bera eldmóð og áhuga á því að ná betri árangri í skólastarfinu. Nefndin gerir áætlun til þriggja ára og nákvæmari starfsáætlun fyrir eitt skólaár í senn. Hana skipa 3-5 starfsmenn (þar af a.m.k. einn stjórnandi) og er einn þeirra formaður nefndarinnar og sér um að boða fundi og stýra starfinu.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatsnefnd: Valdís Björk Þorsteinsdóttir (formaður), Brynhildur Frímansdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir og Þórhildur Björnsdóttir (fyrir áramót). Reglulegir fundir voru vikulega, tvær kennslustundir í senn.

Helstu verkefni þessa starfsárs voru fimm. Að venju voru lagðar fyrir áfangakannanir, en fyrirkomulagi þeirra var breytt frá því sem var. Þá voru gerðar úttektir á miðannarmati og námsmati við skólann, verkefnið „Hlýtt á nemendur“ lagt fyrir og könnun lögð fyrir foreldra og forráðamenn ólöggráða nemenda.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2015-16

September	Ganga frá skýrslu síðasta vetrar.
Október	Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir. Undirbúa áfangakannanir í 3. og 4. bekk í öllum greinum. Endurskoða þarf spurningalistann og framkvæmd vandlega. Funda með stjórnendum vegna úrbótatillagna. Kynning á kennarafundi á störfum sjálfsmatsnefndar.
Nóvember	Klára undirbúning áfangakannana. Skoða miðannarmat aftur í tímann. Leggja áfangakannanir fyrir í lok mánaðarins eða byrjun desember.
Desember	Fara yfir áfangakannanir.
Febrúar	Undirbúa könnun fyrir foreldra ólöggráða nemenda. Undirbúa Hlýtt á nemendur.
Mars	Leggja fyrir foreldrakönnun og vinna úr henni. Leggja fyrir Hlýtt á nemendur og vinna úr því.
Apríl	Undirbúa áfangakannanir í 1. og 2. bekk.
Maí	Leggja fyrir áfangakannanir og fara yfir niðurstöður. Vinna skýrsludrög. Funda með stjórnendum um afdrif úrbótatillagna.
Júní	Vinna að umbótaáætlun og skrifa skýrslu.

Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2015-16

Áfangakannanir

Áfangakannanir voru lagðar fyrir í öllum áföngum í 3. og 4. bekk að hausti og í 1. og 2. bekk að vori. Kannanir voru lagðar fyrir í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey og að þessu sinni var fyrirkomulagið þannig að hver nemandi fékk einn tölvupóst fyrir hvern áfanga sem hann var skráður í.

Framkvæmd áfangamats er mjög fyrirferðarmikil í starfi sjálfsmatsnefndar. Uppsetning spurningalistans tók ekki langan tíma, en mjög langan tíma tók að sækja netföng nemenda úr Innu, vista þau á réttu formi og lesa inn í kannanakerfið. Þá tók töluverðan tíma að senda áminningarpósta á nemendur sem ekki höfðu svarað og að lokum var það tímafrekt verkefni að sækja skýrslur úr kerfinu til að senda á kennara.

Áfangamat í 3. og 4. bekk

Áfangamat var lagt fyrir í 56 áföngum, 99 hópum, í 3. og 4. bekk á haustönn. Samtals voru sendir út 2053 tölvupóstar og samtals bárust 1428 svör. Svörunin var því 70%. 45 kennarar fengu niðurstöður mats. Nefndarmenn gengu í alla bekki, utan eins bekkjar, sem ekki gafst færi á að fara í. Svörunin var því nokkuð lægri hjá þeim bekk.

Í 3. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum DAN2A050, EÐL3B050, EFN3B050, ENS3S040, FÉL3B050, ÍPR3C010, ÍPR3J010, ÍPR3K010, ÍPR3S010, LÍF2B050, LÍF3A050, SAG3A050, SÁL3A050, SIÐ3A050, STÆ2F050, STÆ3C050, STÆ4A050 og TUN2A050.

Í 4. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum DAN2B050, EÐL4B050, EFN2G050, EFN3C050, ENS3C040, ENS3T040, FER2B050, FÉL3A050, HAG3A050, ÍSL3C050, ÍSM3A050, ÍPF3R050, LÍF3B050, SAG3B050, SÁL3I050, SÁL3R050, SPÆ1B050, STJ3A050, STÆ2T050, TUN3B000, TUN3B050 og UPP3A050.

Þá voru kannanir lagðar fyrir í sameiginlegum valáföngum 3. og 4. bekkjar, þ.e. í BHB3V050, CSI3A050, EÐL3X050, ÍSL2K050, ÍSL2Y030, ÍSM2A050, JAR2Ú050, MEN2V050, SÁL2V050, STÆ3P050, VÍM2A050 og ÞÝS2S050.

Áfangamat í 1. og 2. bekk

Áfangamat var lagt fyrir í 21 áfanga, 102 hópum í 1. og 2. bekk á vorönn. Hver nemandi (391 manns) fékk sendan 1 póst og samtals bárust 289 svör. Svörunin var því 74%. 42 kennarar fengu niðurstöður mats. Umsjónarkennarar fengu það verkefni að leggja áfangamatið fyrir í umsjónartíma í síðustu eða næst síðustu viku kennslu.

Í 1. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum ENS2B050, FRA1B050, ÍSI2M130, ÍSI2N130, ÍPR2B020, STÆ2B050, STÆ2R050 og ÞÝS1B050.

Í 2. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum FÉL2A050, SÁL2A050, ENS3A040, EVÍ2A050, ÍSL3A040, EÐL3A050, EFN3A050, LÍF2A050, STÆ3B050, ÍPR3B010, SAG2B050, FRA2A050 og ÞÝS2A050.

Niðurstöður

Þar sem nemendur í 3. og 4. bekk voru saman í valgreinum eru svör þeirra sett saman í einn dálk. Svör árganganna eru mjög lík og mjög ámóta svörum undanfarinna ára.

Nemendur voru beðnir að meta álagið í hverjum áfanga. Í flestum áföngum má segja að nemendur meti álagið sem ýmist hæfilegt eða mikið. 62% telja álagið hæfilegt og 23% segir álagið mikið. Nokkrir áfangar skera sig út úr þessu mynstri.

Þeir áfangar þar sem a.m.k. 15 nemendur tóku þátt og 15% eða fleiri sögðu álagið of mikið eru STÆ2B050, STÆ2R050, EVÍ2A050, STÆ3B050, DAN2A050, STÆ3C050, STÆ4A050, ENS3T040 og ÍSL3C050. Þeir áfangar þar sem a.m.k. 15 nemendur tóku þátt og 15% eða fleiri sögðu álagið lítið eða of lítið eru ENS2B050, ENS3A040, ÍÞR3B010 og TUN3B000.

Tafla 1. Svör við einstaka spurningum í áfangamati.

Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	53%	49%	50%
Sammála	33%	27%	33%
Hvorki né	8%	15%	10%
Ósammála	4%	5%	5%
Mjög ósammála	2%	3%	2%
Meðaleinkunn	4,3	4,1	4,2

Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	53%	57%	52%
Sammála	38%	34%	38%
Hvorki né	7%	7%	7%
Ósammála	1%	2%	2%
Mjög ósammála	1%	1%	0%
Meðaleinkunn	4,4	4,5	4,4

Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	47%	46%	43%
Sammála	37%	37%	38%
Hvorki né	9%	12%	13%
Ósammála	5%	4%	4%
Mjög ósammála	2%	2%	2%
Meðaleinkunn	4,2	4,2	4,2

Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	32%	31%	30%
Sammála	33%	24%	27%
Hvorki né	19%	24%	22%
Ósammála	9%	9%	12%
Mjög ósammála	6%	11%	9%
Meðaleinkunn	3,8	3,6	3,6

Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	42%	46%	44%
Sammála	37%	28%	33%
Hvorki né	10%	13%	14%
Ósammála	6%	7%	6%
Mjög ósammála	4%	4%	4%
Meðaleinkunn	4,1	4,0	4,1

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	39%	39%	38%
Sammála	35%	32%	35%
Hvorki né	20%	21%	19%
Ósammála	2%	5%	5%
Mjög ósammála	3%	3%	3%
Meðaleinkunn	4,0	4,0	4,0

Kennari útskýrir námsefnið vel	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	41%	38%	38%
Sammála	37%	35%	36%
Hvorki né	11%	14%	15%
Ósammála	5%	7%	7%
Mjög ósammála	5%	5%	5%
Meðaleinkunn	4,1	3,9	4,0

Námsmátið hvetur mig til að vinna jafnt og þétt alla önnina	1. bekkur	2. bekkur	3. og 4. bekkur
Mjög sammála	33%	27%	28%
Sammála	33%	29%	31%
Hvorki né	24%	29%	26%
Ósammála	6%	10%	9%
Mjög ósammála	4%	5%	7%
Meðaleinkunn	3,9	3,6	3,6

Tafla 2. Mat á álagi í áföngum eftir bekkjum

Mér finnst álagið í áfanganum vera	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Fjöldi
1. bekkur						
ENS2B050	1%	6%	77%	14%	3%	139
FRA1B050	0%	20%	76%	4%	0%	25
ÍSÍ2M130	13%	47%	39%	0%	1%	70
ÍSÍ2N130	12%	53%	32%	3%	0%	74
ÍÞR2B020	1%	8%	80%	10%	1%	140
STÆ2B050	32%	43%	25%	0%	0%	69
STÆ2R050	24%	42%	32%	0%	1%	71
ÞÝS1B050	9%	27%	58%	5%	1%	111
Samtals	10%	27%	56%	6%	1%	
2. bekkur						
FÉL2A050	0%	3%	92%	5%	0%	38
SÁL2A050	0%	23%	74%	3%	0%	35
ENS3A040	1%	16%	65%	15%	3%	74
EVÍ2A050	23%	44%	31%	3%	0%	71
ÍSL3A040	7%	23%	68%	3%	0%	71
EÐL3A050	6%	45%	49%	0%	0%	65
EFN3A050	14%	62%	24%	0%	0%	66
LÍF2A050	2%	3%	82%	14%	0%	66
STÆ3B050	54%	40%	6%	0%	0%	65
ÍÞR3B010	1%	1%	80%	15%	3%	136
SAG2B050	2%	13%	76%	9%	0%	139
FRA2A050	2%	19%	79%	0%	0%	42
ÞÝS2A050	4%	19%	72%	4%	1%	96
Samtals	8%	22%	62%	7%	1%	
3. bekkur						
DAN2A050	47%	37%	15%	0%	0%	59
EÐL3B050	13%	53%	33%	0%	0%	45
EFN3B050	4%	37%	59%	0%	0%	27
ENS3S040	2%	11%	80%	7%	0%	44
FÉL3B050	4%	7%	85%	4%	0%	27
ÍÞR3C010	3%	9%	74%	11%	3%	35
ÍÞR3J010	0%	3%	87%	10%	0%	31
ÍÞR3K010	0%	4%	92%	4%	0%	24
ÍÞR3S010	0%	0%	100%	0%	0%	1
LÍF2B050	5%	26%	68%	0%	0%	57
LÍF3A050	6%	17%	67%	11%	0%	36
SAG3A050	0%	25%	50%	25%	0%	4
SÁL3A050	0%	20%	80%	0%	0%	10
SIÐ3A050	7%	25%	69%	0%	0%	61
STÆ2F050	7%	31%	56%	6%	0%	68
STÆ3C050	53%	38%	9%	0%	0%	45
STÆ4A050	17%	50%	33%	0%	0%	24
TUN2A050	0%	26%	63%	11%	0%	19
Samtals	13%	26%	57%	4%	0%	

Mér finnst álagið í áfanganum vera	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Fjöldi
4. bekkur						
DAN2B050	5%	29%	63%	2%	0%	41
EÐL4B050	13%	50%	13%	13%	13%	8
EFN2G050	6%	6%	81%	6%	0%	16
EFN3C050	0%	3%	89%	8%	0%	38
ENS3C040	6%	29%	62%	3%	0%	66
ENS3T040	36%	33%	26%	2%	2%	42
FER2B050	5%	16%	68%	11%	0%	19
FÉL3A050	0%	3%	91%	6%	0%	32
HAG3A050	0%	35%	65%	0%	0%	17
ÍSL3C050	18%	21%	61%	0%	0%	72
ÍSM3A050	0%	25%	69%	6%	0%	16
ÍÞF3R050	0%	0%	79%	14%	7%	14
LÍF3B050	0%	3%	87%	11%	0%	38
SAG3B050	0%	6%	89%	6%	0%	18
SÁL3I050	0%	0%	100%	0%	0%	18
SÁL3R050	9%	13%	74%	4%	0%	23
SPÆ1B050	9%	16%	69%	6%	0%	32
STJ3A050	0%	10%	70%	20%	0%	10
STÆ2T050	15%	37%	47%	1%	0%	68
TUN3B000	0%	4%	77%	19%	0%	26
TUN3B050	4%	28%	64%	0%	4%	25
UPP3A050	0%	13%	88%	0%	0%	8
Samtals	8%	19%	67%	5%	1%	
Valgreinar						
BHB3V050	0%	6%	94%	0%	0%	18
CSI3A050	0%	23%	77%	0%	0%	13
EÐL3X050	14%	7%	79%	0%	0%	14
ÍSL2K050	0%	0%	100%	0%	0%	11
ÍSL2Y030	0%	13%	75%	13%	0%	8
ÍSM2A050	0%	40%	60%	0%	0%	5
JAR2Ú050	0%	8%	92%	0%	0%	13
MEN2V050	0%	0%	100%	0%	0%	3
SÁL2V030	0%	7%	71%	21%	0%	14
STÆ3P050	12%	0%	82%	6%	0%	17
VÍM2A050	0%	0%	100%	0%	0%	11
ÞÝS2S050	0%	14%	64%	14%	7%	14
Samtals	3%	23%	62%	6%	1%	

Spurningalistinn í menningar- og náttúrulæsi var með örlítið öðru sniði en í hinum áföngunum. Þar sem margir kennarar kenna hverjum nemanda þurfti að breyta spurningunum þar sem spurt var um framkomu, fyrimæli og slíkt.

Tafla 3. Niðurstöður úr einstaka spurningum um menningar- og náttúrulæsi.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal-einkunn
Ég er dugleg/ur að sækja mér upplýsingar á Moodle	29%	50%	13%	7%	1%	4,0
Skipulag á verkefnaskilum í áfanganum er gott	14%	49%	18%	15%	4%	3,5
Mér finnst hæfilegt að vera með fjögurra stunda kennslulotur í áfanganum.	5%	41%	30%	19%	6%	3,2
Ég geri mér grein fyrir því til hvers er ætlast í áfanganum.	17%	53%	23%	6%	2%	3,8
Viðfangsefni áfangans eru fjölbreytt.	17%	48%	24%	10%	1%	3,7
Nóg er af verkefnum til að vinna að í kennslustundum.	45%	46%	8%	2%	0%	4,3
Of mörg verkefni eru í gangi á sama tíma.	32%	38%	23%	8%	0%	3,9
Ég nýti tímann vel í áfanganum.	9%	56%	26%	8%	1%	3,6
Mér tekst að skipuleggja tíma minn og vinnu í áfanganum.	10%	53%	23%	13%	2%	3,6
Ég læri á vettvangsferðum.	25%	46%	16%	8%	6%	3,8
Símat er betra en próf.	48%	25%	23%	3%	2%	4,1
Ég hef áhuga á náminu í þessum áfanga.	13%	44%	22%	15%	6%	3,4
Auðvelt er að ná á kennurum til aðstoðar í áfanganum.	19%	55%	17%	8%	1%	3,8
Ég nota tölvuna, síma og/eða spjaldtölvu næstum eingöngu til að vinna í náminu í kennslustundum.	28%	38%	19%	12%	3%	3,7
Mér finnst vinnuskýrslurnar góð leið til að koma ábendingum til kennara á framfæri.	12%	32%	36%	12%	8%	3,3

Tafla 4. Niðurstöður úr einstökum spurningum um kennara í menningar- og náttúrulæsi.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal-einkunn
Ég er sátt/ur við framkomu kennaranna.	26%	57%	12%	5%	1%	4,0
Ég fæ oft misvísandi skilaboð frá kennurunum.	11%	35%	32%	17%	5%	3,3
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð kennara.	26%	54%	15%	3%	1%	4,0
Fyrirmæli frá kennurum eru skýr.	13%	48%	26%	12%	1%	3,6

Umbótatillögur vegna áfangamats

Nefndin leggur til að framkvæmd áfangamats verði færð úr höndum sjálfsmatsnefndar og yfir í hendur kennaranna sjálfra eða hverrar deildar. Skipulag, eftirfylgni og samantektir verði unnar af gæðaráði. Mikilvægt er að kennurum gefist áfram kostur á starfsmannasamtölum í kjölfar áfangamats.

Kostir við núverandi fyrirkomulag áfangamats:

- Kennarar þurfa ekki að sjá sjálfir um framkvæmdina.
- Áfangamatið er mögulegur útgangspunktur fyrir starfsmannasamtöl.

Gallar við núverandi fyrirkomulag áfangamats:

- Framkvæmdin er dýr, margar mannstundir sem fara í hana.
- Þátttakan er ekki nægilega mikil. Jafnvel þó gengið hafi verið í bekki var svörunin aðeins um 70%.
- Nafnleyndin veldur e.t.v. harkalegri gagnrýni frá nemendum en ef svör þeirra væru nafngreinanleg.
- Ekki er skýrt hverjir munu fá hvaða gögn úr grunninum.
- Kennarar lesa ekki endilega áfangamatið.

Miðannarmat

Gerð var úttekt á því hvernig miðannarmat hafi reynst síðan það var tekið upp haustið 2010.


Miðannarmat er gefið út í byrjun nóvember hvert ár í 1. og 2. bekk í öllum bóklegum greinum.

Einkunnir á miðannarmati eru A (afbragðsgott), G (gott), S (sæmilegt) og O (ófullnægjandi). Gengið er út frá því viðmiði að þeir sem fá A eru líklegir til að fá 9-10, þeir sem fá G eru líklega með 7-8, þeim sem fá S er spáð 5-6 en þeim sem fá O er spáð falli í áfanganum miðað við óbreytta frammistöðu.

Teknar voru út einkunnir úr Innu fyrir haustannir 2010-2015, miðannarmatseinkunnir annars vegar og prófseinkunnir hins vegar. Litið var til prófseinkunna fremur en einkunnar í ferli, þar sem nemendur geta tekið endurtökupróf eða fjarnám, en forvitnilegra var talið að skoða forspárgildi miðannarmats fyrir prófseinkunn, þ.e. fyrstu tilraun nemandans til að klára áfangann. Á tímabilinu voru gefnar 36.952 einkunnir, en aðeins var litið til þeirra einkunna þar sem gefið var miðannarmat í áfanganum, samtals 12.549 einkunnir. Þar af voru gefnar tölulegar einkunnir í 12.336 tilfellum, í 118 tilfellum L (lokið) eða M (metið) og í 92 tilfellum var skráð úrsögn.

Niðurstöður


Fyrst var kannað hversu stór hluti þeirra sem fá hverja einkunn í miðannarmati stenst próf. Hér voru færslur flokkaðar þannig að ef prófseinkunn var 5-10, L eða M þá flokkaðist hún sem „Staðið“ en ef hún var 1-4 eða F þá flokkaðist hún sem „Fallið“. Úrsagnir flokkuðust sem fall. Mynd 1 sýnir hlutfall nemenda sem stenst áfangann, eftir miðannarmatseinkunn.



Mynd 1. Hlutfall sem stenst áfangann, eftir miðannarmatseinkunn

Fljótt á lítið virðist miðannarmatið gefa nokkuð góða vísbandingu um það hversu líklegt það er að nemandinn ljúki áfanganum í fyrstu tilraun. Dreifing einkunnna var hins vegar töluvert mikil, og ólík eftir miðannarmatseinkunn. Mynd 2 sýnir hvernig prófseinkunnir dreifðust eftir einkunnum á miðannarmati, þar sem meðaltalið er merkt með X í hvern kassa en miðgildið er merkt með línu gegnum kassann. Stærð kassans sýnir hvar efri og neðri fjórðungamörk liggja, svo 50% einkunnna liggja innan þeirra. Athugið að miðgildi einkunnna þeirra sem hafa A á miðannarmati er 9, en það eru jafnframt líka efri fjórðungamörk svo þau falla saman og sjást ekki á myndinni. Miðgildi einkunnna þeirra sem hafa G á miðannarmati er 7, sem fellur saman við neðri fjórðungamörk.

Á myndinni sést að nemendur sem fá A á miðannarmati dreifast lítið, heldur eru líklegastir til að fá einkunn á bilinu 7-10, en þó hafa einstaka nemendur farið niður í einkunnina 2. Nemendur með G eru líklegastir til að fá einkunn á bilinu 6-9 en einstaka nemendur hafa farið upp í 10 eða niður í 1. Nemendur með S eða O dreifast mun meira og líklegar einkunnir teygja sig frá 9 og niður í 2 eða 1. Því er nokkuð auðvelt að spá fyrir um gengi nemenda sem fá A eða G, en erfiðara er að ráða í gengi þeirra sem fá S eða O.



Mynd 2. Kassarit fyrir dreifingu einkunna eftir miðannarmatseinkunn.

Næst var skoðað hvort munur sé á forspárgildi miðannarmats eftir greinum og einkum var horft á spurninguna „Hversu líklegt er að nemandi sem fær O á miðannaramati ljúki áfanganum í fyrstu tilraun?“ Áfangarnir voru flokkaðir eftir greinum og skoðað hlutfall nemenda sem ná prófi, eftir miðannarmatseinkunn. Þá birtist nokkuð áberandi munur. Í tveimur greinum, stærðfræði og efnafræði, var hlutfall þeirra sem náðu prófinu, af þeim sem fengu O, lægra en hlutfall þeirra sem féllu. Í öllum öðrum greinum var hlutfall þeirra sem náðu prófinu, af þeim sem fengu O, hærra en hlutfall þeirra sem náðu.

Tafla 5 sýnir hvernig nemendur skiptust, annars vegar í STÆ/EFN og hins vegar í öðrum greinum, eftir miðannarmati og gengi þeirra í áfanganum. Segja má að miðannarmatið spái rétt fyrir um gengi þeirra sem annars vegar fá hærra en O og standast próf og sem hins vegar fá O og falla, en rangt um þá sem lenda í hinum reitunum. 95% þeirra sem standast próf í STÆ/EFN og 98% þeirra sem standast próf í öðrum greinum fengu hærra en O, svo að næmni miðannarmatsins er mjög há. Hins vegar fengu 39% þeirra sem féllu í STÆ/EFN O en aðeins 29% þeirra sem féllu í öðrum greinum, svo sértækni prófsins er ekki há. Með öðrum orðum þá virkar miðannarmatið ekki vel til að greina hverjir koma til með að falla í áfanga, en þó greinir það væntanlegt gengi nemenda ívið betur í stærðfræði og efnafræði en í öðrum greinum.

Tafla 5. Hlutfall nemenda sem standast próf eftir grein og miðannarmati.

	Hærra en O	O		Hærra en O	O
Stóðust STÆ/EFN	1591	90	Stóðust annað	9507	233
FÉLLU Í STÆ/EFN	378	249	Féllu í öðru	355	146

Helsta markmið miðannarmats er ekki að gefa endanlega einkunn, heldur að gefa nemendum vísbandingu um stöðu sína í náminu. Því er ætlað að vera hvatning til þeirra sem standa sig vel en aðvörðun til þeirra sem þurfa að bæta sig. Reynslan er sú að töluverður hluti þeirra sem fá O taka sig á og ná að ljúka áfanganum, en meirihlutinn nær ekki prófi. Því eru það nokkuð alvarleg skilaboð sem felast í O. Hins vegar er það nokkuð stór hluti af þeim sem fær S sem fellur, þó að meirihlutinn ná.

Umbótatillögur vegna miðannarmats

Töluverður munur var á fögum þegar kom að því hversu stór hluti þeirra sem fengu O enduðu með því að falla. Hvetja þarf deildir til að ræða vel saman um uppbyggingu miðannarmatsins og skilaboðin sem felast í einkunnunum.

Æskilegt er að þessi úttekt verði vel kynnt námsráðgjöfum svo þeir geti nýtt sér niðurstöðurnar í vinnu sinni með nemendum.

Nefndin styður áframhaldandi miðannarmat í skólanum með nokkuð óbreyttu sniði.

Námsmat

Kennsluáætlanir áfanga haustanna voru skoðaðar og teknar saman upplýsingar um samsetningu námsmats. Samtals fundust 69 kennsluáætlanir, en í 7 áföngum fundust ekki kennsluáætlanir eða þær voru óskýrar um námsmat. Námsmatsþættir voru flokkaðir í 14 flokka.


Tafla 6. Námsmatsþættir í áföngum haustönn 2015

	Fjöldi áfanga	Hlutfall áfanga	Vægi minnst ¹	Vægi mest	Vægi meðal
Lokapróf	44	64%	11%	80%	55,8%
Stöðupróf	42	61%	5%	40%	18,6%
Vinnueinkunn	41	59%	3%	80%	17,0%
Fyrirlestrar/málstofa	19	28%	5%	30%	15,1%
Verklegt	18	26%	4%	50%	20,2%
Munnlegt próf	14	20%	2,5%	100%	17,5%
Heimildarritgerð	14	20%	10%	40%	16,4%
Vinnuskýrslur	9	13%	6%	40%	20,7%
Hópverkefni	8	12%	10%	40%	19,7%
Heimadæmi	7	10%	8%	12%	9,4%
Myndbandaverkefni	7	10%	5%	30%	20,0%
Vinnubók	2	3%	5%	10%	7,5%
Jafningjamat og sjálfsmat	2	3%	10%	10%	10%
Önnur verkefni	41	59%	10%	95%	27,8%

Flokkurinn „önnur verkefni“ nær yfir alls kyns verkefni sem er erfitt að flokka með hinum flokkunum. Í sumum áföngum voru nokkur verkefni sem hvert um sig féll í þennan flokk.


¹ Vægi minnst og vægi meðal miðast bæði við þá áfanga þar sem námsmatsþátturinn er notaður, þ.e. er ekki 0%.

Nálægt tveimur þriðju af áföngum haustannar voru með lokapróf svo að vert er að skoða það nánar. Teknar voru saman upplýsingar um vægi lokaprófs haustannirnar 2001, 2014 og 2015. Niðurstöðurnar sjást á súluritinu hér að neðan.



Mynd 3. Vægi lokaprófs í áföngum haustannar 2001, 2014 og 2015

Próflausum áföngum hefur fjölgað mjög mikið og vægi lokaprófsins hefur farið lækkandi. Fáir áfangar eru með vægi lokaprófs yfir 70%.



Mynd 4. Meðalvægi lokaprófs í áföngum haustannar 2001, 2014 og 2015

Próflausum áföngum hefur fjölgað gríðarlega á þessum 14 árum og vægi lokaprófa hefur jafnframt farið lækkandi. Lækkun á vægi lokaprófa helst í hendur við aukna fjölbreytni í námsmati, enda gefst meira svigrúm til fleiri gerða námsmats ef vægi lokaprófsins er minna.

Umbótatillögur

Setja mætti viðmið um vægi lokaprófa í próftíð, þ.e. setja hámarks- og lágmarksvægi á lokapróf. Þar þyrfti reyndar að taka tillit til stærðar áfangans. Einnig mætti gefa út viðmið um vægi verkefna á síðustu vikum kennslu. Þá mætti skoða hvort gefa ætti út viðmið um fjölda mismunandi námsmatspátta í hverjum áfanga.

Hlýtt á nemendur

Verkefnið „Hlýtt á nemendur“ var lagt fyrir 12. apríl. Hverjum bekk var skipt niður í 2-4 hópa þar sem hver hópur fékk sinn spurningalista. Spurningalistarnir og bréf til kennaranna lögðu listana fyrir eru í viðauka. Á listunum voru 16 spurningar sem dreift var á 6 spurningalista, 6 spurningar á hverjum lista. Svör bárust frá 87 hópum.

Niðurstöður

Úrvinnslan fór fram með þeim hætti að svör nemenda voru skráð í töflureikni. Hvert svar var merkt með númeri spurningarinnar miðað við óskiptan lista og svo var öllum svörunum raðað miðað við það. Þá var hver spurning skoðuð sérstaklega og merkt við lykilorð eða hugtök sem komu fram í mörgum svörum.

Hér á eftir koma spurningarnar sem lagðar voru fyrir nemendur og algengustu svörin við þeim.

1. Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli?
 - Flestir nefna félagslíf og bekkjarkerfi
 - Heimavist og staðsetning skólans
 - Orðspor og undirbúningur fyrir háskóla
2. Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær?
 - Sterkt félagslíf en erfiður skóli
 - Góður skóli, skemmtilegur
 - Hugmyndir frá vinum og ættingjum, eða nemendum MA
3. Er mikill munur á milli grunnskóla og MA? Í hverju liggur hann?
 - Meiri kröfur
 - Ábyrgð, heimanám og frelsi
4. Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í framhaldsskóla? Hvernig sjáið þið ykkur fyrir ykkur þegar þið hafið lokið stúdentsprófi?
 - Undirbúningur fyrir háskóla
 - Grunnur í bóklegum greinum, samskipti, vinnubrögð
 - Undirbúningur fyrir lífið, fjármálalæsi
 - Stefna á háskólanám
5. Hvaða kröfur gerið þið til skólans? Hvað finnst ykkur að hann eigi að veita ykkur?
 - Undirbúningur fyrir frekara nám
 - Góða kennara og gott félagslíf
6. Finnst ykkur gaman í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara eða skemmtilegra (án þess að það væri léttara), hvernig?
 - Gaman í skólanum
 - Breyttar kennsluaðferðir eða meiri fjölbreytni
7. Hefur skólinn staðist væntingar ykkar? Hvernig? Af hverju eða af hverju ekki?
 - Flestir svara játandi
8. Saknið þið einhverra greina? Er eitthvað sem ekki er kennt við skólann sem þið mynduð vilja hafa hér?

- Nokkrir nefna viðskiptafræði eða tengdar greinar
 - Nokkrir nefna verklegt en eiga ýmist við listgreinar eða tilraunir í efnafræði
9. Af hverju völduð þið sviðið sem þið eruð á?
- Áhugi á greinum sviðsins
 - Háskólanám
10. Eruð þið sátt við ykkar sviðsval, kjörsviðsval og línu?
- Flestir hópar sáttir
 - Sumum finnst vanta fjölbreytni
11. Hverjir finnst ykkur vera styrkleikar og veikleikar ykkar sviðs?
- RGS – styrkleiki: margir (11) nefna góðan undirbúning fyrir háskólanám
 - RGS – veikleiki: margir nefna álag (10) og kennsluaðferðir (6)
 - TFS – styrkleiki: lokaverkefni, hópavinna og fjölbreyttar kennsluaðferðir (2 hópar hvert atriði)
 - TFS – veikleiki: heimspeki á öllum kjörsviðum, vantar stærðfræði og vantar verklegar greinar
12. Finnst ykkur vera samræmi í einingafjölda áfanganna sem þið eruð í og vinnuframlagi ykkar?
- Meirihluti hópa bar við misjöfnu álagi, um þriðjungur sagði vera samræmi
13. Nýtast kennslustundir vel? Leggið þið ykkur fram? Hvernig lærið þið best?
- Kennslustundir nýtast misvel eftir greinum
 - Nemendur segjast leggja sig mismikið fram
 - Þögn og næði, tónlist, umræðutímar eða sjálfstæð vinna
14. Eruð þið metnaðarfull í námi ykkar? Eruð þið dugleg að læra heima, af hverju / af hverju ekki? Væri hægt að fá ykkur til að leggja enn harðar að ykkur? Hvernig?
- Já, metnaðarfull, þó mismikið
 - Læra mismikið heima
 - Fer eftir vægi verkefnis og áhuga
 - Kallað eftir álagstöflu
15. Sjáið þið leiðir til að nemendur geti haft meiri áhrif á skólastarfið? Hverjar þá?
- Skólafundir
 - Mikilvægt að hlusta á nemendur
 - Upplýsingagjöf, áfangakannanir og Hlýtt á nemendur
16. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?
- Mjög misjöfn svör
 - Kallað eftir álagstöflu
 - Ekki breyta skólaárinu
 - Kennarar í sama áfanga þurfa að samræma sig
 - Endurnýja gamla kennara

Umbótatillögur

Nokkrir hópar nefndu sérstaklega hvað þeim þótti verkefni sem þessi mikilvæg og nefndin tekur undir það. Því er mælt til að Hlýtt á nemendur verði áfram reglubundinn hluti af innra mati skólans.

Margir hópar nefna fjármálalæsi sem mikilvægan hluta af námskránni. Í fráfarandi námskrá hafði það sess innan lífsleikninnar sem var hluti af kjarna. Í undirbúningsvinnunni fyrir nýju námskrána var því beint til deildanna að fjármálalæsi verði fléttað inn í aðra áfanga. Nefndin beinir því til stjórnenda að fylgja þeim tilmælum eftir og kanna hvar þessum námsþætti hefur verið komið fyrir.

Nemendur kalla eftir fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum, en úttekt á námsmati bendir til að þó nokkur fjölbreytni sé í skólanum. Nefndin leggur til að könnuninni verði fylgt eftir, svo að fylgst sé með því að námsmat og kennsla verði áfram fjölbreytt.

Boðið verði reglulega upp á listgreinar í vali og raungreinakennarar hvattir til að nýta áfram verklega þáttinn í kennslunni.

Könnun fyrir foreldra og forráðamenn ólöggráða nemendur

Í apríl 2016 var send út könnun fyrir foreldra og forráðamenn ólöggráða nemendur en síðast var slík könnun lögð fyrir á vorönn 2012. Alls var könnunin send á 541 foreldri, 231 svar barst eða 43% svörum. Það er töluvert betri svörum en 2012; þá var könnunin send á 652 foreldri, 219 svar barst eða 33% svörum. Í könnuninni voru 23 spurningar og var fyrri könnun höfð til hliðsjónar svo hægt væri að bera niðurstöðurnar að einhverju leyti saman. Heldur fleiri opnar spurningar voru í könnuninni 2016.

Algengara var að mæður svöruðu könnuninni eða 68%, 157 mæður og 67 feður. Í tíu tilfellum svöruðu foreldrarnir í sameiningu eða annar forráðamaður.

Í viðauka B eru töflur með svörum við öllum spurningum könnunarinnar.

Um 54% segist hafa haft samband við umsjónarkennara, fagkennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur. Þegar þeir eru spurðir af hverju/af hverju ekki þeir hafi haft samband bárust 129 svör.

Rúm 20% (26 foreldrar) sögðust ekki hafa haft þörf á því að hafa samband. Alls sögðu 35 eða 27% að það hefði verið gagnlegt að hafa samband en 10 (7,8%) sögðu að það hefði ekki verið það. Þeir sem höfðu samband gerðu það vegna eftirtalinna atriða:

- vegna náms/námsvals nemanda: 31 foreldri eða 24%
- vegna líðanar eða veikinda nemanda: 27 foreldrar eða 21%
- vegna leyfa nemanda: 22 foreldrar eða 17%
- vegna kennslu eða einstakra kennara: 7 foreldrar eða 5,4%
- önnur atriði, svo sem skipulag skálaferðar eða busun: 7 foreldrar eða 5,4%

Um 21% foreldra hefur áhyggjur af líðan barna sinna í skólanum en 57% hefur ekki slíkar áhyggjur. Árið 2012 voru heldur fleiri eða 67% sem sögðust ekki hafa áhyggjur en álíka margir eða 22% sem höfðu áhyggjur. Að þessu sinni fylgdi opin spurning þar sem þeir foreldrar sem höfðu slíkar áhyggjur voru spurðir hvort það væru einhver sérstök atriði sem skólinn gæti bætt úr. 16% svöruðu því neitandi en flestir, 26%, nefndu mikið álag eða álagstoppa, 16% samskipti eða bekkjaranda, 12% tilgreindu sérstaklega stærðfræði (námsefni og/eða kennsluaðferðir) og 9% töldu að gott væri að fá sálfræðing í skólann. 19% tilgreindu ýmis önnur atriði, óskýr skilaboð kennara eða að erfitt væri fyrir foreldri að nálgast upplýsingar.

Foreldrar eru flestir sáttir við reglur um mætingar eða 86%, 5% eru ósátt og 9% hvorki sammála né ósammála. Heldur fleiri eru sáttir við reglurnar nú en fyrir fjórum árum. Foreldrum gafst kostur á að koma með athugasemdir um reglurnar, alls bárust 35 slíkar. Flestir sögðu reglurnar sanngjarnar eða 43% (15 svör) en af þeim sem gerðu athugasemdir nefndu átta að leyfi ættu ekki að draga mætingaprósentu niður, þrír að ætti að taka meira tillit til veikinda og tveir að mætingarreglur í íþróttum væru of strangar. Önnur atriði sem nefnd voru var að foreldrar þyrftu að fá upplýsingar strax ef nemandi mætti ekki, kennarar þyrftu að skrá mætingu fyrr í kladdann og einn nefndi að mæting væri ábyrgð nemenda sjálfra og því ættu reglur um mætingar að vera óþarfar.

Alls bárust 38 svör við opinni spurningu um hvort foreldrar vildu nefna eitthvað sem mætti betur fara í starfi skólans eða samskiptum heimilis og skóla. Tólf tilgreindu sérstaklega að jafna þyrfti álag eða minnka það og bæta kennslu, þrettán nefndu að auka mætti upplýsingar eða meiri samskipti við umsjónarkennara. Þrír nefndu busavígslu og samskipti nemenda.

Hefur þú einhverjar tillögur eða ábendingar varðandi einstaka námsgrein? 48 svör bárust, þar af 31 sem snerust um kennslu í stærðfræði.

Viltu nefna eitthvað jákvætt í skólastarfinu? 90 svör bárust. Helstu ábendingar snerust um félagslíf, læsisáfangar og mötuneyti, en einnig voru ábendingar um samskipti og upplýsingagjöf.

Umbótatillögur

Þegar hefur verið brugðist við ábendingum frá foreldrum og víðar með ráðningu sálfræðings við skólann. Sálfræðingurinn hefur einnig umsjón með nýnemafræðslu.

Þá var einnig kallað mikið eftir virkjun álagstöflu, en hún var útbúin í byrjun haustannar og lögð fyrir kennara í 1. og 2. bekk. Þegar fyllt hafði verið í hana voru nokkur verkefni færð til vegna árekstra við aðrar greinar. Ætlunin er að halda notkun hennar áfram og hvetja kennara 3. og 4. bekkjar til að fylla einnig í slíka töflu.

Umbótatillögur

Nefndin leggur til að framkvæmd áfangamats verði færð úr höndum sjálfsmatsnefndar og yfir í hendur kennaranna sjálfra eða hvernar deildar. Skipulag, eftirfylgni og samantektir verði unnar af gæðaráði. Mikilvægt er að kennurum gefist áfram kostur á starfsmannasamtölum í kjölfar áfangamats.

Setja mætti viðmið um vægi lokaprófa í próftíð, þ.e. setja hámarks- og lágmarksvægi á lokapróf. Þar þyrfti reyndar að taka tillit til stærðar áfangans. Einnig mætti gefa út viðmið um vægi verkefna á síðustu vikum kennslu. Þá mætti skoða hvort gefa ætti út viðmið um fjölda mismunandi námsmatspátta í hverjum áfanga.

Þegar hefur verið brugðist við ábendingum frá foreldrum og víðar með ráðningu sálfræðings við skólann. Sálfræðingurinn hefur einnig umsjón með nýnemafræðslu.

Þegar hefur verið brugðist við ákalli eftir virkri álagstöflu. Æskilegt er að hún verði áfram notuð á hverri önn.

Menntaskólanum á Akureyri

15. nóvember 2016

Brynhildur Frímannsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Þórhildur Björnsdóttir

Viðauki A – Hlýtt á nemendur vor 2016

Stefnt er á að leggja listana fyrir í tíma kl. 9:00 þriðjudaginn 12. apríl.

Prentum út bekkjalista og skiptum í hópa fyrirfram.

Eins og kynnt hefur verið munu sjálfsmatsnefnd og vinnuhópur um endurskoðun námskrár í MA standa fyrir umræðu meðal nemenda til að fá fram viðhorf þeirra gagnvart ýmsum þáttum skólastarfsins. Umræðufundur verður því haldinn þriðjudaginn 12. apríl 2016 kl. 9:00-9:40 í kennslustund.

Þú ert beðin/n um að fara með spurningar (sem eru í hólfinu þínu) í kennslustund og útskýra verkefnið fyrir nemendum og sjá til þess að það sé ritari í hverjum hóp. Síðan hverfur þú af vettvangi, nema nemendur biðji um annað og kemur svo aftur í lok tímans til að minna nemendur á hvert þeir eiga að skila niðurstöðum.

Atriði sem kynna þarf nemendum:

Hver bekkur skiptist í 2-3 hópa (sjá lista í hólfunum ykkar) og á að svara nokkrum spurningum. Jafnframt er hópnum heimilt að taka upp önnur atriði ef tími vinnst til og koma á framfæri. Við viljum að hópurnir reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu en þó er ekki hægt að reikna með því að það takist alltaf. Athugið að útskýra alltaf svörin ykkar, ekki er óskað eftir einföldum já/nei svörum.

Ósk okkar er sú að niðurstöðurnar geti nýst í þeirri námskrárvinnu sem framundan er, við ætlum að gera góðan skóla ennþá betri.

Ekki er ætlast til að fundarritarar taki niður allt sem sagt er heldur fyrst og fremst niðurstöður eða það sem viðkomandi hópur vill koma á framfæri. Fundarmenn þurfa að gæta eðlilegra reglna um fundi og sýna hver öðrum fyllstu virðingu. Þeim mun fleiri sem fá að tjá sig, þeim mun meira virði verða niðurstöðurnar.

Skilið svörunum ykkar með tölvupósti á netfangið sjalfsmatsnefnd@ma.is og merkið svarið skýrt með einkennisnúmeri hópsins ykkar, en það er skrifað á spurningalistann ykkar.

Sjálfsmatsnefnd MA: Brynhildur, Sigurlaug og Valdís.

Viðhorf og væntingar

1. Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli? (1. bekkur)
2. Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær? (1. bekkur)
3. Er mikill munur á milli grunnskóla og MA? Í hverju liggur hann? (1. bekkur)
4. Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í framhaldsskóla? Hvernig sjáið þið ykkur fyrir ykkur þegar þið hafið lokið stúdentsprófi?
5. Hvaða kröfur gerið þið til skólans? Hvað finnst ykkur að hann eigi að veita ykkur?
6. Finnst ykkur gaman í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara eða skemmtilegra (án þess að það væri léttara), hvernig?
7. Hefur skólinn staðist væntingar ykkar? Hvernig? Af hverju eða af hverju ekki?
8. Saknið þið einhverra greina? Er eitthvað sem ekki er kennt við skólann sem þið mynduð vilja hafa hér?

Námsval og vinnuframlag

9. Af hverju völduð þið sviðið sem þið eruð á?
10. Eruð þið sátt við ykkar sviðsval, kjörsviðsval og línu?
11. Hverjir finnst ykkur vera styrkleikar og veikleikar ykkar sviðs?
12. Finnst ykkur vera samræmi í einingafjölda áfanganna sem þið eruð í og vinnuframlagi ykkar?
13. Nýttast kennslustundir vel? Leggið þið ykkur fram? Hvernig lærið þið best?
14. Eruð þið metnaðarfull í námi ykkar? Eruð þið dugleg að læra heima, af hverju / af hverju ekki?
Væri hægt að fá ykkur til að leggja enn harðar að ykkur? Hvernig?
15. Sjáið þið leiðir til að nemendur geti haft meiri áhrif á skólastarfið? Hverjar þá?

Spurning til allra

16. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

Til nemenda

Hver bekkur skiptist í 2-4 hópa (sjá lista) og á að svara nokkrum spurningum. Jafnframt er hópnum heimilt að taka upp önnur atriði ef tími vinnst til og koma á framfæri. Við viljum að hópinn reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu en þó er ekki hægt að reikna með því að það takist alltaf. Athugið að útskýra alltaf svörin ykkar, ekki er óskað eftir einföldum já/nei svörum.

Ósk okkar er sú að niðurstöðurnar geti nýst í þeirri námskrárvinnu sem framundan er, við ætlum að gera góðan skóla ennþá betri.

Ekki er ætlast til að fundarritarar taki niður allt sem sagt er heldur fyrst og fremst niðurstöður eða það sem viðkomandi hópur vill koma á framfæri. Fundarmenn þurfa að gæta eðlilegra reglna um fundi og sýna hver öðrum fyllstu virðingu. Þeim mun fleiri sem fá að tjá sig, þeim mun meira virði verða niðurstöðurnar.

Skilið svörunum ykkar með tölvupósti á netfangið sjalfsmatsnefnd@ma.is og merkið svarið skýrt með einkennisnúmeri hópsins ykkar, dæmi 2B-1, en það er skrifað á spurningalistann ykkar.

Sjálfsmatsnefnd MA: Brynhildur, Sigurlaug og Valdís.

1. bekkur – listi I

1. Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli?
2. Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær?
3. Er mikill munur á milli grunnskóla og MA? Í hverju liggur hann?
4. Nýttast kennslustundir vel? Leggið þið ykkur fram? Hvernig lærið þið best?
5. Sjáið þið leiðir til að nemendur geti haft meiri áhrif á skólastarfið? Hverjar þá?
6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

1. bekkur – listi II

1. Eruð þið metnaðarfull í námi ykkar? Eruð þið dugleg að læra heima, af hverju / af hverju ekki?
Væri hægt að fá ykkur til að leggja enn harðar að ykkur? Hvernig?
2. Finnst ykkur gaman í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara eða skemmtilegra (án þess að það væri léttara), hvernig?
3. Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli?
4. Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær?
5. Er mikill munur á milli grunnskóla og MA? Í hverju liggur hann?

6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

1. bekkur – listi III

1. Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli?
2. Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær?
3. Er mikill munur á milli grunnskóla og MA? Í hverju liggur hann?
4. Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í framhaldsskóla? Hvernig sjáið þið ykkur fyrir ykkur þegar þið hafið lokið stúdentsprófi?
5. Hefur skólinn staðist væntingar ykkar? Hvernig? Af hverju eða af hverju ekki?
6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

Efri bekkir – listi I

1. Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í framhaldsskóla? Hvernig sjáið þið ykkur fyrir ykkur þegar þið hafið lokið stúdentsprófi?
2. Hvaða kröfur gerið þið til skólans? Hvað finnst ykkur að hann eigi að veita ykkur?
3. Hefur skólinn staðist væntingar ykkar? Hvernig? Af hverju eða af hverju ekki?
4. Saknið þið einhverra greina? Er eitthvað sem ekki er kennt við skólann sem þið mynduð vilja hafa hér?
5. Hverjir finnst ykkur vera styrkleikar og veikleikar ykkar sviðs?
6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

Efri bekkir – listi II

1. Af hverju völduð þið sviðið sem þið eruð á?
2. Saknið þið einhverra greina? Er eitthvað sem ekki er kennt við skólann sem þið mynduð vilja hafa hér?
3. Hverjir finnst ykkur vera styrkleikar og veikleikar ykkar sviðs?
4. Nýtast kennslustundir vel? Leggið þið ykkur fram? Hvernig lærið þið best?
5. Finnst ykkur vera samræmi í einingafjölda áfanganna sem þið eruð í og vinnuframlagi ykkar?
6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

Efri bekkir – listi III

1. Sjáið þið leiðir til að nemendur geti haft meiri áhrif á skólastarfið? Hverjar þá?
2. Eruð þið metnaðarfull í námi ykkar? Eruð þið dugleg að læra heima, af hverju / af hverju ekki? Væri hægt að fá ykkur til að leggja enn harðar að ykkur? Hvernig?
3. Eruð þið sátt við ykkar sviðsval (2. bekkur), kjörsviðsval og línu (3. og 4. bekkur)?
4. Finnst ykkur gaman í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara eða skemmtilegra (án þess að það væri léttara), hvernig?
5. Finnst ykkur vera samræmi í einingafjölda áfanganna sem þið eruð í og vinnuframlagi ykkar?
6. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

Viðauki B – Könnun fyrir foreldra/forráðamenn ólögráða nemenda vor 2016

Hver svarar?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Móðir	68,0%	157
Faðir	27,7%	64
Foreldrar í sameiningu	3,0%	7
Annar forráðamaður	1,3%	3
Samtals svör		231
Slepptu spurningu		0

Lögheimili barnsins:		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Akureyri	68,0%	157
Eyjafrjðarsvæðið utan Akureyrar	12,1%	28
Utan Eyjafrjðar	19,9%	46
Samtals svör		231
Slepptu spurningu		0

Búseta barnsins á skólatíma:		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Hjá foreldrum	73,2%	169
Hjá ættingjum	1,3%	3
Á heimavist	24,2%	56
Í leiguhúsnæði	0,9%	2
Annað	0,4%	1
Samtals svör		231
Slepptu spurningu		0

Í hvaða bekk er barnið?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
1.	58,7%	135
2.	37,8%	87
3.	3,5%	8
Samtals svör		230
Slepptu spurningu		1

Kyn barnsins:		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Piltur	44,8%	103
Stúlka	55,2%	127
Samtals svör		230
Slepptu spurningu		1

Vinnur barnið þitt með skóla?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Um helgar	21,6%	50
Virka daga (kvöld)	4,8%	11
Virka daga og helgar	16,0%	37
Nei	57,6%	133
<i>Samtals svör</i>		231
<i>Slepptu spurningu</i>		0

Telur þú að vinna með skóla hafi áhrif á námsárangur og ástundun barns þíns?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Jákvæð áhrif	18,0%	37
Neikvæð áhrif	33,5%	69
Engin áhrif	48,5%	100
<i>Samtals svör</i>		206
<i>Slepptu spurningu</i>		25

Sinnir barnið þitt heimanámi?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Aldrei (nánast aldrei)	0,9%	2
Stundum	12,6%	29
Oft	85,2%	196
Veit það ekki	1,3%	3
<i>Samtals svör</i>		230
<i>Slepptu spurningu</i>		1

Áætlað er að breyta skólaárinu í MA haustið 2017, þannig að kennsla muni hefjast í lok ágúst, haustönn ljúki fyrir jól og vorönn ljúki um mánaðamótin maí-júní. Styður þú þá breytingu?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Já	68,3%	157
Nei	13,9%	32
Óviss	17,8%	41
Athugasemdir um skólaárið:		25
<i>Samtals svör</i>		230
<i>Slepptu spurningu</i>		1

Fylgist þú með starfi FORMA, foreldrafélags MA?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Já	50,4%	115
Nei	49,6%	113
<i>Samtals svör</i>		228
<i>Slepptu spurningu</i>		3

Hver finnst þér að eigi að vera hlutverk FORMA? (Dragðu möguleikana í mikilvægis röð, 1 = mikilvægast, eða hakið við ef þér finnst atriði eiga alls ekki að vera hlutverk félagsins)									
Svarmöguleikar	1	2	3	4	5	6	Alls ekki	Meðal einkunn	Fjöldi svara
Skipuleggja skálaferðir	16	20	29	30	48	8	15	3,65	166
Vera með fræðslu- og forvarnarfyrirlestra fyrir foreldra	41	31	39	33	12	2	6	2,68	164
Vera tengiliður foreldra við stjórnendur	34	44	29	22	20	2	10	2,71	161
Vinna að hagsmunamálum nemenda	70	33	34	20	10	2	3	2,25	172
Fylgjast með námsmati og menntastefnu skólans	33	44	42	39	30	3	13	2,99	204
Annað	1	1	2	3	13	20	25	5,15	65
Samtals svör									215
Slepptu spurningu									16

Ertu sammála því að halda eigi áfram skálaferðum nýnema í upphafi skólaárs?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Mjög sammála	41,5%	95
Frekar sammála	37,6%	86
Hvorki né	17,0%	39
Frekar ósammála	3,1%	7
Mjög ósammála	0,9%	2
Samtals svör		229
Slepptu spurningu		2

Hefur þú haft samband við umsjónarkennara, fagkennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur?		
Svarmöguleikar	Hlutfall svara	Fjöldi svara
Já	53,9%	124
Nei	46,1%	106
Samtals svör		230
Slepptu spurningu		1

Veldu þann möguleika sem við á.						
Svarmöguleikar	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Meðal einkunn	Fjöldi svara
Ég nota upplýsingakerfið Innu til að fylgjast með einkunnum og mætingu barnsins míns.	54	91	54	31	2,27	230
Ég nota námskerfið Moodle til að fylgjast með verkefnum barnsins og ástundun.	9	51	78	91	3,10	229
Ég fylgist með heimasíðu skólans.	60	99	52	18	2,12	229
Samtals svör						230

<i>Slepptu spurningu</i>	1
--------------------------	---

Veldu þann möguleika sem við á.							
Svarmöguleikar	Mjög sammála	Sammála	Hvorki sammála né ósammála	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal einkunn	Fjöldi svara
Mér fannst miðannarmatið á haustönn gagnast barninu mínu við námið.	68	121	38	1	2	1,90	230
Miðannarmatið hefur upplýsingagildi fyrir mig sem forráðamaður.	97	114	14	2	2	1,68	229
Mér finnst mikilvægt að barnið mitt taki þátt í félagslífi skólans.	113	97	18	1	0	1,59	229
Ég álit að skólinn stuðli almennt að góðum árangri nemenda.	94	113	16	5	0	1,70	228
Ég vænti þess að barnið mitt standi sig vel í skólanum.	144	79	6	0	0	1,40	229
Ég hef áhyggjur af líðan barns míns í skólanum.	15	33	51	78	51	3,51	228
Ég er sátt/sáttur við reglur um mætingar.	96	98	20	8	4	1,79	226
<i>Samtals svör</i>							231
<i>Slepptu spurningu</i>							0

Veldu þann möguleika sem við á.							
Svarmöguleikar	Mjög sammála	Sammála	Hvorki sammála né ósammála	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal einkunn	Fjöldi svara
Kynningarfundur skólans fyrir forráðamenn nýnema við skólasetningu var gagnlegur (þeir sem ekki mættu sleppa þessari spurningu).	91	80	11	2	0	1,59	184
Kynningarfundur skólans um náttúru- og menningarlæsi sem haldinn hefur verið í október var gagnlegur (þeir sem ekki mættu sleppa þessari spurningu).	59	40	16	5	0	1,73	120

Ég þekki reglur skólans.	35	118	59	9	2	2,22	223
Skólinn fylgir skólareglum eftir.	49	118	49	1	0	2,01	217
Ég hef traust á skólanum.	119	93	11	2	0	1,54	225
Samtals svör							230
Slepptu spurningu							1